

Héðinsfjarðargöng og staða kynjanna

Kyn, samgöngur, samfélag og byggðapróun

Áfangaskýrsla II

Andrea Hjálmsdóttir

Lektor í félagsfræði

Háskólinn á Akureyri

Akureyri júní 2012

Héðinsfjarðargöng og staða kynjanna. Kyn, samgöngur, samfélag og byggðapróun.
Áfangaskýrsla II
© Háskólinn á Akureyri
Höfundur: Andrea Hjálmsdóttir
Útgáfustaður: Akureyri
Slóð á vefsíðu

Efnisyfirlit

Myndayfirlit.....	3
1. Inngangur.....	4
2. Bakgrunnur og búsetuáform	5
3. Daglegt líf og samgöngur	7
4. Viðhorf til vinnumarkaðar.....	10
5. Verkaskipting á heimilum.....	14
6. Lokaorð.....	20
Heimildir	22

Myndayfirlit

Mynd 1. Hversu líklegt er að þú munir flytjast fyrir fullt og allt burt frá Fjallabyggð í framtíðinni?	6
Mynd 2. Hversu líklegt er að þú munir flytjast fyrir fullt og allt burt frá Fjallabyggð í framtíðinni?	6
Mynd 3. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku í ferðir innan Fjallabyggðar?.....	7
Mynd 4. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku í ferðir utan Fjallabyggðar?.....	8
Mynd 5. Hversu oft ert þú að jafnaði staddur/stödd á Dalvík vegna atvinnu þinnar?.....	9
Mynd 6. Hversu oft ert þú að jafnaði staddur/stödd á Sauðárkróki vegna atvinnu þinnar?.....	9
Mynd 7. Hversu oft ert þú að jafnaði staddur/stödd á Akureyri vegna atvinnu þinnar?.....	10
Mynd 8. Hvaða áhrif telur þú að Héðinsfjarðargöng muni hafa á fjölbreytni í atvinnumálum?	11
Mynd 9. Hvaða áhrif telur þú að Héðinsfjarðargöng muni hafa á tekjumöguleika?.....	11
Mynd 10. Hverjar eru að jafnaði heildartekjur þínar á mánuði fyrir skatt?	12
Mynd 11. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með atvinnumöguleika þína? Fjöldi starfa í boði.....	12
Mynd 12. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með atvinnumöguleika þína? Fjölbreytni starfa í boði.....	13
Mynd 13. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með atvinnumöguleika þína? Sveigjanleiki starfa í boði	13
Mynd 14. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku til heimilisstarfa?	15
Mynd 15. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku til samveru með fjölskyldu?	15
Mynd 16. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku til umönnunar eigin barna?.....	16
Mynd 17. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku til viðhalds bifreiðar eða húsnæðis?	17
Mynd 18. Hversu sammála eða ósammála ertu því að karlar og konur ættu að leggja sitt af mörkum til að afla heimilinu tekna?	18
Mynd 19. Hversu sammála eða ósammála ertu því að það sé hlutverk karla að afla heimilinu tekna og hlutverk kvenna að sjá um börn og heimili?.....	18
Mynd 20. Hversu sammála eða ósammála ertu því að karlar ættu að sinna heimilisstörfum í meira mæli en þeir gera í dag?.....	19
Mynd 21. Hversu sammála eða ósammála ertu því að karlar ættu að sinna umönnun barna í meira mæli en þeir gera í dag?.....	20

1. Inngangur

Haustið 2010 voru opnuð jarðgöng um Héðinsfjörð sem tengja byggðarlögin Ólafsfjörð og Siglufjörð í hinu sameinaða sveitarfélagi Fjallabyggð. Til að meta árangurinn af slíkri stórfamkvæmd sem Héðinsfjarðargöng eru hófu 12 kennarar og sérfræðingar við Háskólann á Akureyri rannsókn á samfélagslegum áhrifum framkvæmdarinnar. Hér er um einstakt tækifæri að ræða til að meta árangur slíkrar framkvæmdar sem lagt er upp með í þágu byggðarlaga sem eiga undir högg að sækja. Haustið 2008 hófst rannsóknarvinna sem unnin er fyrir tilstyrk Rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar og mun standa til ársloka 2013. Rannsókninni er ætlað að leggja heildstætt mat á stöðu Fjallabyggðar og þær breytingar sem vænta má í samgöngumynstri, búsetuþróun, efnahagslífi, opinberri þjónustu og félagslegum auði í kjölfar opunar ganganna.

Eitt helsta einkenni fámennari samfélaga á Vesturlöndum hefur verið brottflutningur kvenna (Berglund, Johansson og Molina, 2005) og rannsóknir hér á landi hafa sýnt að í íslenskum sveitum og sjávarbyggðum eru stúlkur líklegri en drengir til að vilja flytjast á brott úr heimabyggðarlaginu (Carole Seyfrit, Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson, 2009; Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 2006; Þóroddur Bjarnason 2010). Þessi þróun hefur átt sér stað í Fjallabyggð líkt og í mörgum fámennari samfélögum á landinu. Undanfarin misseri hefur verið töluverður skortur á ungum konum í sveitarfélaginu en nú virðist sem hlutfall kvenna og karla sé hægt og rólega að verða jafnara og konum á aldrinum 18-30 ára hefur fjölgað lítillega milli ára 2008 og 2012 (Hagstofa Íslands, 2012a).

Rannsóknir hafa sýnt að verkaskipting kvenna og karla er almennt hefðbundnari í dreifðari byggðum. Þær sýna einnig að þar skipar fjölskyldan veigameiri sess og að áherslan á móðurlutverkið er meiri en í þéttari byggðarlögum. Á þessum dreifðari svæðum eru síður fyrir hendi stofnanabundin úrræði og því er meira treyst á konur þegar kemur að samfélagsstörfum, líkt og við barnagæslu og í félagsstarfi. Sá félagslegi auður sem felst í sam hjálp og stuðningi í fámennum samfélögum er því að mestu leyti á herðum kvenna og byggist á ólaunaðri vinnu þeirra (Dahlström, 1996; Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010). Hvað samgöngubætur varðar hafa rannsóknir sýnt að breytingar á samgöngum geta haft ólík áhrif á lífsmynstur karla og kvenna þar sem kynin nota vegakerfið með ólíkum hætti (Björk Sigurgeirsdóttir, 2004; Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010; Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010).

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð er það ferli að beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á fjárlagaferlið. Það þýðir að kynjað mat er lagt á fjárlög, kynjasjónarmið eru samofin öllum stigum fjárlagaferlisins og að lokum eru tekju- og útgjaldaliðir endurskipulagðir með það að markmiði að stuðla að kynjajafnrétti.¹ Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs frá árinu 2009 er kveðið á um að kynjuð hagstjórn skuli höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn. Þetta er í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, s.s. CEDAW, sem og við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008), en þar segir að vinna eigi að „kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins.“

Í anda kynjaðrar fjárlagagerðar og kynjasamþættingar er það markmið þessarar skýrslu að meta áhrif af opinberri fjárhagslegri ákvörðun, sem gerð Héðinsfjarðarganga er, á líf karla og

¹ Skilgreining Evrópuráðsins


kvenna í Fjallabyggð. Áhrifin verða skoðuð út frá stöðu kynjanna í sveitarfélaginu og þær hugsanlegu breytingar sem göngin kunna að hafa á hana kortlagðar.

Vegna þess að um langtímarannsókn er að ræða og að eingöngu liggja fyrir upplýsingar um stöðu kynjanna fyrir opnun Héðinsfjarðaganga verður hér leitast við að kortleggja stöðu kvenna og karla í Fjallabyggð í því samhengi. Ekki verður unnt að meta áhrif gangagerðarinnar á stöðu kynjanna í byggðarlaginu fyrr en gögnum hefur verið safnað eftir að göngin hafa verið opin í ákveðinn tíma. Það verður gert haustið 2012. Hér er byggt á niðurstöðum könnunarinnar *Samgöngubætur og byggðapróun 2009* sem lögð var fyrir íbúa á Siglufirði og Ólafsfirði í nóvember og desember 2009 en þá voru þessir tveir byggðarkjarnar heimsóttir og allir íbúar eldri en 18 ára beðnir um að svara spurningalistum. Þeir íbúar sem ekki voru heima þegar starfsfólk rannsóknarinnar var í bænum fengu spurningalistana senda í pósti ásamt frímerktu umslagi. Alls var 732 spurningalistum svarað sem þýðir að 53% allra íbúa 18 ára og eldri sem búsettir eru að staðaldri í Fjallabyggð tóku þátt (Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason, 2010). Skýrsla þessi byggir á tölfræðilegri úrvinnslu þeirra gagna sem safnað var í könnuninni og vísa í stöðu kynjanna með einum eða öðrum hætti, og henni er ætlað að varpa ljósi á verkaskiptingu, þátttöku á vinnumarkaði og væntingar kvenna og karla til þeirra breytinga sem göngin geta hugsanlega valdið á daglegu lífi fólks í byggðarlaginu. Skýrslan fylgir eftir með tölfræðilegum hætti því yfirliti yfir stöðu kynjanna sem unnið var á sama vettvangi vorið 2011.

2. Bakgrunnur og búsetuáform


Líkt og á Norðurlandi öllu fjölgaði íbúum á norðanverðum Tröllaskaga jafnt og þétt á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar. Árið 1950 voru íbúar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar samanlagt um 4000 (Hagstofa Íslands, 2012b; Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2010). Frá þeim tíma hefur íbúum í þessum byggðarlögum hins vegar fækkað verulega og eru þeir nú rétt rúmlega 2000 talsins (Hagstofa Íslands, 2012a). Síðasta áratug hefur íbúapróunin á Siglufirði og Ólafsfirði verið önnur en í nágrannasveitafélögunum. Á sama tíma og íbúum hefur fjölgað á Akureyri og fjöldi íbúa hefur staðið í stað á Sauðárkróki og Dalvík hefur íbúum á norðanverðum Tröllaskaga fækkað um rúmlega tvö prósent á ári (Þóroddur Bjarnason ofl., 2010).

Brottlutningur kvenna úr dreifðari byggðum hefur verið langvarandi vandamál á Vesturlöndum síðustu misseri og hefur verið eitt helsta einkenni fámennari byggða (Berglund, Johansson og Molina, 2005). Slík þróun hefur líka verið raunin á Siglufirði og Ólafsfirði. Árið 2011 var talsverður skortur á ungum konum í Fjallabyggð en þá voru konur 42% 18-30 ára íbúa byggðarlagsins og karlar því 58% (Hagstofan, 2011a). Nú árið 2012 hafa þessi kynjahlutföll lagast lítillega og hlutfall kvenna hefur náð 44% (Hagstofan, 2012a).



Mynd 1. Hversu líklegt er að þú munir flytjast fyrir fullt og allt burt frá Fjallabyggð í framtíðinni?

Hér má sjá svör íbúa Fjallabyggðar eftir kyni þegar þeir voru spurðir um það sumarið 2009 hversu líklegur brottflutningur frá sveitarfélaginu fyrir fullt og allt væri. Eins og sjá má telja fleiri konur en karlar það frekar eða mjög líklegt að þær muni flytjast fyrir fullt og allt frá Fjallabyggð í framtíðinni og er munurinn á kynjunum í þessu samhengi fjögur prósentustig. Meginþorri þeirra sem þátt tóku í könnunni telur þó slíkan brottflutning ólíklegan. Að teknu tilliti til búsetuþróunar kynjanna (sjá t.d. Berglund, Johansson og Molina, 2005; Þóroddur Bjarnason, 2010; Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010) kemur þessi munur á framtíðaráformum kynjanna ekki á óvart. Konur hafa á síðustu misserum verið í meirihluta þeirra sem flutt hafa í burtu og í minnihluta þeirra sem flutt hafa til byggðarlagsins og virðast svör þátttakenda gefa vísbendingu um að sú þróun geti haldið áfram. Helsta ástæða þess að konur flytja frekar frá og síður til fámennari byggðarlaga er lítil fjölbreytni í atvinnulífi og einhæfni starfa og því þurfa yfirvöld minni sveitarfélaga ekki síst að horfa til þess að skapa grundvöll fyrir fjölbreyttari vinnumarkað fyrir konur og karla.




Mynd 2. Hversu líklegt er að þú munir flytjast fyrir fullt og allt burt frá Fjallabyggð í framtíðinni?

Líkt og rannsóknir hafa sýnt í nokkurn tíma er ungt fólk líklegra en eldra fólk til þess að flytja í burtu frá minni byggðarlögum. Bent hefur verið á þá staðreynd að það eigi ekki einungis að vera kappsmál fyrir lítil byggðarlög að koma í veg fyrir brottflutning fólks heldur sé ekki síður

mikilvægt að tryggja að það sé eftirsóknarvert fyrir ungt fólk og fjölskyldur að flytjast til minni staða á landsbyggðinni, hvort sem um er að ræða heimafólk sem snýr aftur heim eða aðkomufólk sem hyggur á nýja búsetustaði (Þóroddur Bjarnason, 2010). Séu svör við spurningunni um hversu líklegt er að þátttakendur flytji frá Fjallabyggð fyrir fullt og allt greind eftir aldri þátttakenda kemur í ljós að líkt og í öðrum rannsóknum eru svarendur í yngsta aldurshópnum langlíklegastir til að hyggja á brottflutning. Eins og mynd 2 sýnir telja 33% svarenda á aldrinum 18-25 ára frekar eða mjög líklegt að þau muni flytjast frá Fjallabyggð fyrir fullt og allt. Hlutfall þeirra sem telja slíka búferlaflutninga líklega fer lækkandi eftir því sem svarendur eldast. Svarendur í aldurshópnum 26-40 ára virðast þó nokkuð á báðum áttum hvað framtíðarbúsetu varðar og svara 32% þeirra spurningunni á hlutlausan hátt.

3. Daglegt líf og samgöngur

Karlar og konur nota samgöngukerfið á ólíkan hátt. Hefðbundin hlutverk karla og kvenna hafa áhrif á það hvernig kynin nota samgöngukerfið og innlendar rannsóknir hafa sýnt að konur eru mun líklegri en karlar til að sækja börn í leikskóla eða skóla á leið heim úr vinnu og þær verja einnig skemmri tíma í ferðir á milli heimilis og vinnustaðar (Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, 2004). Rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi á áhrifum samgöngubóta á ferðavenjur fólks hafa sýnt að mun færri konur en karlar ferðast lengri vegalengdir til að stunda vinnu sína (Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2004; Björk Sigurgeirsdóttir, 2004). Rannsókn á áhrifum af gerð Hvalfjarðarganga sýndi að konur í sveitarfélögunum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins urðu fyrir minni áhrifum af tilkomu ganganna en karlar (Björk Sigurgeirsdóttir, 2004). Erlendar rannsóknir gefa einnig vísbendingar um sambærileg samgöngumynstur þar sem athafnasvæði karla er stærra en kvenna (Transgen, 2007). Könnun á ferðavenjum íbúa Fjallabyggðar fyrir opnun Héðinsfjarðarganga leiddi sambærilegar niðurstöður í ljós. Ekki er þó ósennilegt að tilkoma Héðinsfjarðarganga gæti haft önnur áhrif en Hvalfjarðargöng þar sem styttri vegalengd er á milli þeirra byggðarlaga sem þau tengja, þ.e. Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, en til að mynda á milli Akraness og Reykjavíkur. Þar af leiðandi gætu þau verið líklegri til þess að stækka einnig atvinnusvæði kvenna innan Fjallabyggðar sjálfrar.




Mynd 3. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku í ferðir innan Fjallabyggðar?

Mynd 3 sýnir ferðamynstur karla og kvenna í Fjallabyggð og þann tíma sem fólk notar í samgöngur innanbæjar. Nokkuð fleiri konur en karlar nota engan tíma í venjulegri viku í ferðir


innan bæjarmarkanna en 23% kvenna og 15% karla segjast engan tíma nota í slíkar ferðir. Hlutfall karla og kvenna sem nota minna en eina klukkustund á viku í innanbæjarferðir er það sama eða 17% þeirra sem svöruðu könnuninni. Heldur fleiri konur en karlar nota að jafnaði 1-2 klukkustundir í venjulegri viku í ferðir innan Fjallabyggðar en eftir því sem klukkustundunum í ferðir innanbæjarferðir fjölga aukast líkurnar á því að um karla sé að ræða.

Með tilkomu Héðinsfjarðarganga opnast möguleiki á stækkun atvinnusvæðis íbúa Fjallabyggðar en sé miðað við rannsóknir á suðvesturhorninu sem sýna að karlar eru líklegri til að keyra lengri vegalengdir til vinnu má áætla að slík samgöngubót sé líkleg til að nýtast körlum betur en konum. Þó það þurfi alls ekki að verða raunin gefa niðurstöður rannsókna á suðvesturhorni landsins engu að síður tilefni til að áætla að karlar í Fjallabyggð geti verið líklegri til að keyra enn lengra til vinnu, til dæmis til Dalvíkur eða Akureyrar. Þegar íbúar Fjallabyggðar voru spurðir út í ferðavenjur sínar haustið 2009, áður en opnun Héðinsfjarðarganga varð að veruleika, leiddu svör þátttakenda í ljós að karlar voru einnig líklegri að verja meiri tíma til ferða utan byggðarlagsins.




Mynd 4. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku í ferðir utan Fjallabyggðar?

Mynd 4 sýnir að líkt og í ferðum innan byggðarlagsins eru konur fjölmennari en karlar í hópi þeirra sem ekkert eru á ferðinni utan Fjallabyggðar. Fjöldi þeirra karla og kvenna sem verja minna en 1 klukkustund í ferðir utan sveitarfélagsins í venjulegri viku er mjög sambærilegur en karlar síga svo framúr konunum eftir því sem klukkustundunum sem varið er í ferðir utan Fjallabyggðar fjölga. Nokkuð fleiri karlar en konur verja að meðaltali 1-10 klukkustundum á viku til ferða utan byggðarlagsins. Eins og næstu myndir sýna eru þeir líklegri en konur til að vera mikið á ferðinni vegna vinnu sinnar.




Mynd 5. Hversu oft ert þú að jafnaði staddur/stödd á Dalvík vegna atvinnu þinnar?



Mynd 6. Hversu oft ert þú að jafnaði staddur/stödd á Sauðárkróki vegna atvinnu þinnar?

Mynd 5 og 6 sýna hversu oft íbúar Fjallabyggðar eru að jafnaði staddir á Dalvík og Sauðárkróki vegna vinnu sinnar. Hafa ber í huga að spurningalistinn sem niðurstöður þessar byggja á var lagður fyrir áður en Héðinsfjarðargöng voru opnuð og því ekki miklar líkur á að íbúar Siglufjarðar hafi mikið verið á ferðinni til Dalvíkur frekar en að íbúar Ólafsfjarðar hafi verið mikið á ferðinni til Sauðárkróks, í það minnsta ekki yfir vetrarmánuðina þegar Lágheiðin var lokuð. Eins og myndin sýnir áttu nokkuð fleiri karlar en konur erindi til Dalvíkur og Sauðárkróks vegna vinnu sinnar. Munurinn er þó ekki mjög afgerandi en gefur til kynna að athafnasvæði karla vegna atvinnu þeirra sé að meðaltali stærra en samsvarandi athafnasvæði kvenna.



Mynd 7. Hversu oft ert þú að jafnaði staddur/stödd á Akureyri vegna atvinnu þinnar?


Eins og mynd 7 sýnir verður munurinn á hreyfanleika karla og kvenna nokkuð meiri þegar spurt er hversu oft íbúar Fjallabyggðar eru að meðaltali staddir á Akureyri vegna vinnu sinnar. Nokkuð fleiri karlar en konur eiga erindi til Akureyrar vegna atvinnu sinnar; 41% karla á atvinnutengd erindi til Akureyrar en einungis 24% kvenna segjast eiga samskonar erindi. Fjöldi karla og kvenna sem eiga erindi sjaldnar en einu sinni á ári er mjög svipaður en nokkuð fleiri karlar eiga erindi til Akureyrar vegna vinnu sinnar 1-11 sinnum á ári.

Niðurstöður könnunarinnar leiddu einnig í ljós að karlar úr Fjallabyggð eiga frekar erindi til höfuðborgarsvæðisins vegna vinnu sinnar auk þess að vera líklegri til að vera staddir erlendis í atvinnutengdum erindum en konurnar. Niðurstöðurnar sýna því að fyrir opnun Héðinsfjarðarganga var athafnasvæði karla í Fjallabyggð stærra en athafnasvæði kvennanna í sveitarfélaginu og þeir voru líklegir til þess að verja meiri tíma í ferðir utan sveitarfélagsins. Líkt og greint er frá hér að ofan sýndu rannsóknir sem gerðar voru í nágrennabyggðarlögum Hvalfjarðarganga að karlar á því svæði voru líklegri en konur til þess að sækja atvinnu á höfuðborgarsvæðið eftir opnun ganganna (Björk Sigurgeirsdóttir, 2004; Hjördís Sigurgeirsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2004). Sú þróun samræmist niðurstöðum erlendra rannsókna (Transgen, 2007) sem gefa til kynna að karlar séu líklegri til að verja meiri tíma en konur í vinnutengdar ferðir og ferðast einnig lengri vegalengdir. Athafnasvæði kvenna er minna og frekar bundið þörfum barna og heimilis. Fróðlegt verður að sjá hvaða áhrif tilkoma Héðinsfjarðarganga mun hafa á ferðamynstur karla og kvenna í byggðarlaginu og hvort raunin verði sú að stækkandi hópur bæði karla og kvenna nýti sér þá stækkun atvinnusvæðisins sem göngin geta óneitanlega haft í för með sér.

4. Viðhorf til vinnumarkaðar


Fólksfækkun hefur verið viðvarandi til lengri tíma í sveitarfélögunum Ólafsfirði og Siglufirði (Þóroddur Bjarnason, 2010). Í hinu sameinaða sveitarfélagi er talsverður skortur á ungum konum en nú árið 2012 eru konur 44% 18-30 ára íbúa byggðarlagsins en karlar 56% (Hagstofa, 2012a). Þá staðreynd að fleiri konur en karlar telja mjög eða frekar líklegt að þær muni flytjast á brott úr byggðarlaginu má að hluta til útskýra með tilvísun til einhæfra og illa launaðra kvennastarfa (Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson, 2010). Þá má benda á að hér á landi er óútskýrður launamunur kynjanna á landsbyggðinni um 30% sem er töluvert hærra en á höfuðborgarsvæðinu þar sem hann er í kringum 10% (Einar Mar Þórðarson o.fl.,

2008). Fjölbreytt og öflugt atvinnulíf er lykillinn að uppbyggingu hvers samfélags. Þetta á við um atvinnutækifæri bæði fyrir konur og karla, ekki síst í byggðarlagi eins og Fjallabyggð sem þarf að laða til sín fjölskyldur á barneignaaldri eigi að snúa við íbúapróun undanfarinna missera (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2010). Í ljósi þessa er mikilvægt að hafa viðhorf íbúa til hliðsjónar til þess að atvinnuuppbygging í hverju byggðarfélagi verði farsæl með tilliti til atvinnu- og byggðapróunar.



Mynd 8. Hvaða áhrif telur þú að Héðinsfjarðargöng muni hafa á fjölbreytni í atvinnumálum?


Líkt og mynd 8 sýnir litu íbúar Fjallabyggðar tilkomu Héðinsfjarðarganga mjög jákvæðum augum hvað áhrif þeirra á fjölbreytni í atvinnumálum varðar. Enginn kynjamunur er á viðhorfunum og 79% karla og kvenna í sveitarfélaginu telja að göngin muni hafa frekar eða mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf þar hvað fjölbreytileika þess varðar. Þessar niðurstöður sýna að mikil bjartsýni einkenndi viðhorf íbúa Fjallabyggðar áður en göngin voru opnuð og að þeir bundu vonir við að þessi mikla samgöngubót yrði til góðs fyrir atvinnulífið í byggðarlaginu.



Mynd 9. Hvaða áhrif telur þú að Héðinsfjarðargöng muni hafa á tekjumöguleika?


Þegar íbúar Fjallabyggðar voru spurðir að því haustið 2009 hvaða áhrif þeir teldu að tilkoma Héðinsfjarðarganga myndi hafa á tekjumöguleika fólks í byggðarlaginu má sjá í svörum þeirra álíka bjartsýni og hvað atvinnumöguleika varðar. Meirihluti karla og kvenna í

Fjallabyggð er sammála því að opnun ganganna muni hafa frekar eða mjög jákvæð áhrif á tekjumöguleika fólks. Nokkuð fleiri taka þó hlutlausu afstöðu til þessa en hvað varðar áhrif ganganna á fjölbreytni í atvinnumálum, en 29% karla og kvenna taka ekki afstöðu til þess hvort göngin eigi eftir að hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á tekjumöguleika íbúa í sveitarfélaginu.




Mynd 10. Hverjar eru að jafnaði heildartekjur þínar á mánuði fyrir skatt?

Á mynd 10 má sjá hvernig tekjur þeirra íbúa Fjallabyggðar sem svöruðu íbúakönnuninni dreifast haustið 2009. Líkt og sjá má eru konur að meðaltali með lægri tekjur en karlar. Fleiri konur eru með tekjur undir 100.000 krónum að meðaltali á mánuði fyrir skatt en eftir því sem mánaðarlegar tekjur fara hækkandi síga karlarnir fram úr og einungis 4% kvenna í Fjallabyggð segjast vera með tekjur yfir 500 þúsund krónur á mánuði á meðan sambærilegt hlutfall karla er 18%. Það ber að taka fram að mun fleiri konur en karlar í byggðarlaginu eru í hlutastörfum eða 23% kvenna en 8% karla. Í fullu starfi voru 67% karla haustið 2009 þegar könnunin var lögð fyrir en 45% kvenna. Þá unnu einnig fleiri konur en karlar ólaunaða vinnu.




Mynd 11. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með atvinnumöguleika þína? Fjöldi starfa í boði

Þegar íbúar Fjallabyggðar voru spurðir um atvinnumöguleika sína haustið 2009 kom í ljós að karlar í sveitarfélaginu eru líklegri til þess að vera frekar eða mjög ánægðir með atvinnumöguleika sína. Fleiri konur eru frekar eða mjög óánægðar með atvinnumöguleika sína með tilliti til fjölda starfa í boði. Athygli vekur hversu hátt hlutfall karla og kvenna sem svara könnuninni er hlutlaust þegar kemur að því að meta atvinnumöguleika sína en ætla má að það sé fólk sem er í störfum sem það er sátt við. Einungis 12% kvenna í Fjallabyggð eru frekar eða mjög ánægð með atvinnumöguleika sína haustið 2009 en 26% karla eru þeirrar skoðunar að atvinnumöguleikar þeirra séu góðir þegar kemur að fjölda starfa sem í boði eru í sveitarfélaginu.



Mynd 12. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með atvinnumöguleika þína? Fjölbreytni starfa í boði

Mjög svipað mynstur má sjá þegar íbúar Fjallabyggðar voru spurðir að því hversu ánægðir þeir væru með fjölbreytni starfa í boði og þegar þeir voru spurðir um fjölda starfa í boði. Fjöldi starfa og fjölbreytileiki þeirra getur haldist í hendur þó það sé alls ekki einhlítt. Fleiri karlar en konur eru frekar eða mjög ánægðir með fjölbreytni starfa í boði í byggðarlaginu. Hér, líkt og á mynd 8, má sjá að um helmingur þeirra sem svöruðu könnuninni eru hlutlausir þegar kemur að afstöðu til fjölbreytni starfa í boði í Fjallabyggð.




Mynd 13. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með atvinnumöguleika þína? Sveigjanleiki starfa í boði

Þegar kemur að sveigjanleika þeirra starfa sem í boði voru í Fjallabyggð haustið 2009 má sjá sama kynjamynstur og hvað varðar fjölbreytileika og fjölda þeirra starfa sem í boði voru í sveitarfélaginu. Konur eru líklegri til þess að vera frekar eða mjög óánægðar með sveigjanleika þeirra starfa sem vöð er á. Það kemur kannski ekki á óvart að aldur kvennanna skiptir máli. Eldri konur eru líklegri en þær sem yngri eru til þess að vera sáttar við sveigjanleika starfa á vinnumarkaði. Þetta á einnig við viðhorf til fjölbreytni og fjölda starfa. Yngri konurnar eru líklegri til þess að vera frekar eða mjög óánægðar með stöðuna á vinnumarkaði. Sveigjanleiki starfa er líklegri til að skipta meira máli fyrir konur en karla, og þá sérstaklega konur á barneignaaldri, en rannsóknir á verkaskiptingu á heimilum benda til þess að konur axli enn mesta ábyrgð á heimilishaldi og barnaupveldi hér á landi sem og annars staðar á Vesturlöndum (Kitteröd og Pettersen, 2005; Þóra Kristín Þórsdóttir, 2007; Kolbeinn H. Stefánsson, 2008).

5. Verkaskipting á heimilum


Líkt og komið hefur fram eru hlutfallslega fáar konur á barneignaaldri búsettar í Fjallabyggð. Síðasta áratuginn hefur Siglfirðingum og Ólafsfirðingum fækkað að meðaltali um 2% á ári. Sveitarfélögin skera sig þó ekki úr öðrum sambærilegum stöðum á landinu hvað brottflutninga varðar en hins vegar hafa aðflutningar til byggðarlaganna verið töluvert minni en til annarra byggðakjarna í svipaðri stöðu (Þóroddur Bjarnason, 2010). Þessi íbúabróun hefur leitt til þess að meðalaldur bæði Siglfirðinga og Ólafsfirðinga hefur hækkað nokkuð á undanföllum misserum. Á árunum 1998-2008 hækkaði meðalaldur íbúa þessara byggðarlaga um rúm sex ár en á sama tímabili hækkaði meðalaldur þjóðarinnar um rúmlega eitt og hálf ár. Ungum börnum í Fjallabyggð hefur einnig fækkað mikið á síðustu árum. Árið 1998 voru að jafnaði rúmlega 46 börn í hverjum árgangi í báðum byggðarlögum en árið 2008 voru þau að jafnaði tæplega sextán talsins. Þessi fækkun er að öllu leyti til komin vegna þess hversu fámennir þeir árgangar sem eru á barneignaaldri eru í sveitarfélaginu en ekki vegna minnkandi frjósemi (Þóroddur Bjarnason, 2010).

Íslenskur vinnumarkaður hefur einkennst af síaukinni atvinnuþátttöku kvenna á undanföllum áratugum en þrátt fyrir það sýna rannsóknir að samfélagsskipan nútímans einkennist enn af hefðbundnum kynhlutverkum. Karlinn gegnir þar hlutverki fyrirvinnu heimilisins en ábyrgð á uppeldi barna, velferð heimilismeðlima og heimilisstörfun eru frekar í verkahring kvenna (Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010). Samkvæmt niðurstöðum íbúakönnunarinnar eru íbúar Fjallabyggðar þar engin undantekning.




Mynd 14. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku til heimilisstarfa?

Þátttakendur í könnuninni sem lögð var fyrir í Fjallabyggð haustið 2009 voru spurðir að því hversu miklum tíma í venjulegri viku þeir vörðu til heimilisstarfa. Eins og sjá má á mynd 13 segjast fleiri karlar en konur verja að meðaltali 1-2 klukkustund á viku til heimilisstarfa en hlutfall kynjanna er jafnara á meðal þeirra sem segjast verja 3-10 klukkustundum í heimilisstörf í venjulegri viku. Heldur fleiri karlar eru þó í þeim hópi, en 47% þeirra karla sem svöruðu sögðust verja 3-10 klukkustundum að meðaltali á viku í heimilisstörf en 41% kvenna. Karlar í Fjallabyggð virðast því taka nokkuð virkan þátt í vinnu innan heimilisins en myndin sýnir þó að mun fleiri konur en karlar verja 11 klukkustundum eða fleiri í heimilisstörf. Um 25% kvenna segjast verja 11-20 klukkustundum á viku við heimilisstörf en 12% karla verja þeim tíma til heimilisstarfa. Þá segist 21% þeirra kvenna sem svöruðu könnuninni verja yfir 20 klukkustundum á viku í heimilisstörf en einungis 9% karla verja samsvarandi tíma til slíkra starfa. Svör karla og kvenna í Fjallabyggð um tímamann sem þau verja í heimilisstörf styðja niðurstöður annarra rannsókna hér á landi sem leitt hafa í ljós að meginábyrgð á heimilisstörfum er enn frekar á herðum kvenna en karla (Þóra Kristín Þórsdóttir, 2007; Kolbeinn H. Stefánsson, 2008).




Mynd 15. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku til samveru með fjölskyldu?

Þegar þátttakendur voru spurðir að því hversu mikinn tíma þeir nota í venjulegri viku til samveru með fjölskyldu sinni má sjá af svörum þeirra að kynjaskiptingin er öllu jafnari þegar kemur að þessum þætti en hvað heimilisstörf varðar. Mjög lítil munur er á því hversu mörgum klukkustundum á viku konur og karlar verja með fjölskyldu sinni. Reyndar má sjá á mynd 14 að konur eru mun líklegri en karlar til þess að verja meira en 20 klukkustundum með fjölskyldu sinni en 46% kvenna segjast verja svo löngum tíma til þessa á meðan sambærilegt hlutfall karla er 38%. Nýlegar rannsóknir á viðhorfum unglunga til jafnréttismála hafa sýnt að þrátt fyrir að greina megi tilhneigingu á meðal unglunga til íhaldssamari viðhorfa hvað jafnréttismál varðar virðast þeir jafnréttissinnaðir þegar kemur að jafnri samveru foreldra með fjölskyldu sinni og börnum (Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2008; Andrea Hjálmsdóttir, 2009).




Mynd 16. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku til umönnunar eigin barna?

Líkt og hvað varðar samveru karla og kvenna Fjallabyggð með fjölskyldu sinni er að meðaltali ekki mikill munur á tímanum sem kynin nota í venjulegri viku til umönnunar eigin barna. Fjöldi þeirra sem verja engum tíma í venjulegri viku til umönnunar eigin barna skýrist af því af þeim fjölda svarenda sem ekki eiga börn. Óverulegur munur er á þeim tíma sem karlar og konur nota til umönnunar eigin barna þar til kemur að því að nota til þess meira en 20 klukkustundir á viku, en í þeim hóp eru konur heldur fleiri en karlar.




Mynd 17. Hversu mikinn tíma notar þú í venjulegri viku til viðhalds bifreiðar eða húsnæðis?

Hefðbundin kynjaskipting byggist gjarnan á þeim hugmyndum að það sé hlutverk kvenna að sjá um störf er lúta að þvotti og þrifum á heiminu auk þess að bera ábyrgð á umönnun barna en karlanna sé að sjá um smáviðgerðir á húsnæði auk þess að hirða um fjölskyldubílinn. Það er eðlilegt að þör í sambúð komi sér upp verkaskiptingu sem hentar en jafnframt hefur verið bent á að sú hefðbundna verkaskipting sem lýst er hér á undan feli í sér að tíminn sem varið er í hefðbundin kvennaverk og hefðbundin karlaverk sé afar ójafn (Þorgerður Einarsdóttir, 2000). Þrif á bíl krefjast alla jafna mun minni tíma en þrif á íbúðarhúsnæði auk þess sem smáviðgerðir á húsnæði eru meira tilfallandi en til dæmis þvotturinn sem fellur til á meðalheimili. Í Fjallabyggð, líkt og á öðrum stöðum á landinu (Þóra Kristín Þórsdóttir, 2007; Kolbeinn H. Stefánsson, 2008), er verkaskipting á heimilum nokkuð hefðbundin hvað þessa þætti varðar. Líkt og mynd 13 sýndi eru konurnar í byggðarlaginu líklegar til verja fleiri klukkustundum en karlar á viku í heimilisstörf og líkt og sjá má hér á mynd 16 eru karlarnir í byggðarlaginu líklegir til að verja fleiri klukkustundum á viku í smáviðgerðir á húsnæði og þrif á bílnum. Rúmlega helmingur kvennanna ver engum tíma eða minni en einni klukkustund í viku í slík störf. Þessar niðurstöður benda til þess að verkaskiptingin í sveitarfélaginu Fjallabyggð sé nokkuð hefðbundin auk þess sem sjá má að konurnar eru líklegri til verja mun fleiri klukkustundum á viku til starfa innan heimilisins en karlar gera.



Mynd 18. Hversu sammála eða ósammála ertu því að karlar og konur ættu að leggja sitt af mörkum til að afla heimilinu tekna?


Auk þess sem íbúar Fjallabyggðar voru spurðir beint að því hversu miklum tíma þeir verja í venjulegri viku til ýmissa starfa er tengjast heimilinu voru þeir spurðir út í viðhorf sín til jafnréttismála. Eins og sjá má af mynd 10 eru meðaltekjur kvenna í Fjallabyggð að jafnaði mun lægri en tekjur karla í byggðarlaginu. Það er í samræmi við almenn launamál í landinu og líkt og fram hefur komið eru meðallaun kvenna á Íslandi nokkru lægri en meðallaun karla og rannsóknir hafa jafnvel sýnt fram á mun meiri launamun á landsbyggðinni eða allt að 30% (Einar Mar Þórðarson o.fl., 2008). Þegar þátttakendur í íbúakönnuninni voru spurðir að því hversu sammála eða ósammála þau væru þeirri fullyrðingu að konur og karlar ættu að leggja sitt af mörkum til að afla heimilinu tekna kom í ljós að mikill meirihluti svarenda er því mjög eða frekar sammála. Afstaða kvennanna er mjög afdráttarlaus og eru 96% kvenna í Fjallabyggð sammála því að það karlar og konur eiga bæði að leggja sitt af mörkum til að afla heimilinu tekna. Afgerandi meirihluti karla er því einnig sammála eða 88% en nokkuð fleiri karlar en konur taka hlutlausu afstöðu til fullyrðingarinnar eða 9% þeirra sem svöruðu.



Mynd 19. Hversu sammála eða ósammála ertu því að það sé hlutverk karla að afla heimilinu tekna og hlutverk kvenna að sjá um börn og heimili?


Líkt og niðurstöður íbúakönnunarinnar sýna hér að ofan verja konur í Fjallabyggð fleiri klukkustundum en karlar í heimilisstörf og umönnun eigin barna en hafa ber í huga að fleiri

karlar en konur vinna fulla vinnu og konur því líklegri til að vera í hlutastörfum eða ekki í launaðri vinnu. En þegar íbúar þeir sem þátt tóku í könnuninni voru spurðir um viðhorf sín til hugmynda um fyrirvinnu heimilisins voru skoðanir skiptari en í spurningunni á undan og hér í svörum koma fram nokkuð íhaldssamari viðhorf en þegar spurt var um hvort konur og karlar ættu bæði að koma að tekjuöflun heimilisins. Mynd 18 sýnir að 77% kvenna og 62% karla í Fjallabyggð voru haustið 2009 mjög eða frekar ósammála því að það sé hlutverk karla að afla heimilinu tekna og hlutverk kvenna að sjá um börn og heimili. Um 13% kvenna og 17% karla svara spurningunni á hlutlausan hátt en miðað við hversu margir voru sammála þeirri fullyrðingu að það væri bæði karla og kvenna að leggja sitt af mörkum við að afla heimilinu tekna í spurningunni hér á undan vekur athygli hversu margir eru þó sammála þessari fullyrðingu. Eins og sjá má telur 21% karla í Fjallabyggð að það sé frekar í verkahring kvenna að sjá um heimili og börn og karla að afla heimilinu tekna, og 10% kvenna í byggðarlaginu eru þeim sammála. Af þessum svörum að dæma virðist sú lífseiga fyrirvinnuhugmynd að það sé fyrst og fremst karla að sjá um að afla heimilinu tekna enn lífa góðu lífi á meðal hluta íbúa byggðarlagsins.



Mynd 20. Hversu sammála eða ósammála ertu því að karlar ættu að sinna heimilisstörfum í meira mæli en þeir gera í dag?

Hér á mynd 19 getur að líta viðhorf þeirra sem þátt tóku í íbúakönnuninni haustið 2009 til þess hvort karlar ættu almennt að taka meiri þátt í heimilisstörfum en þeir gera í dag. Eins og sjá má er meirihluti karla og kvenna í byggðarlaginu mjög eða frekar sammála því að karlar megi koma meira að heimilisstörfum en þeir gera í dag. Svipaður fjöldi kvenna og karla svara spurningunni á hlutlausan hátt en nokkuð fleiri karlar en konur telja óþarft að karlarnir taki í meira mæli þátt í heimilisstörfum. Mjög fáar konur eru því mjög eða frekar ósammála að karlar megi taka meira til hendinni á heimilum landsins.



Mynd 21. Hversu sammála eða ósammála ertu því að karlar ættu að sinna umönnun barna í meira mæli en þeir gera í dag?

Svo virðist sem lagasetning um fæðingarorlof feðra og sú mikla umræða sem átti sér stað í kringum þá réttarbót íslenskra barna að fá tækifæri til samveru með báðum foreldrum á fyrstu stigum lífs síns hafi að mörgu leyti haft jákvæð áhrif á viðhorf fólks til aðkomu feðra að umönnun barna sinna. Þess eru merki í nýlegum rannsóknum að viðhorf í þessum efnum sé minna íhaldssamt en viðhorf til annarrar verkaskiptingar á heimilum (Andrea Hjálmsdóttir, 2009; Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008). Viðhorf íbúa Fjallabyggðar bera þessu einnig vitni, ekki síst hvað mun á viðhorfum karla og kvenna varðar. Almennt er minni munur á viðhorfum karla og kvenna þegar kemur að aðkomu feðra að umönnun barna en varðandi önnur störf inni á heimilinu. Eins og mynd 20 sýnir telja 73% kvenna og 70% karla að karlar ættu að sinna umönnun barna í meira mæli en þeir gera í dag. Rúmlega 20% svara spurningunni á hlutlausan hátt en einungis um 5% eru mjög eða frekar ósammála því að karlar eigi að taka virkari þátt í umönnun barna.

6. Lokaorð

Rannsóknir hafa sýnt að samgöngubætur hafa ólík áhrif á lífsmynstur karla og kvenna þar sem kynin nota vegakerfið með ólíkum hætti. Það á einnig við um karla og konur sem búsett eru í Fjallabyggð. Konur í byggðarlaginu er líklegri til þess að verja minni tíma en karlar í ferðir bæði innan og utan Fjallabyggðar. Karlarnir eru aftur líklegri en konurnar til þess að eiga erindi í nágrannasveitafélögin vegna vinnu sinnar og þeir nota mun meiri tíma í ferðir en konurnar í sveitarfélaginu gera. Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er með því mesta sem gerist í heiminum en þrátt fyrir það bera þær frekar ábyrgð á uppeldi barna og sinna heimilisstörfum í mun meira mæli en karlar. Hugmyndir um karlinn sem fyrirvinnu heimilisins lifa enn góðu lífi í íslenskri samfélagsskipan og endurspeglast ekki síst í launamun kynjanna. Fjallabyggð er þar engin undantekning. Konurnar sem þátt tóku í íbúakönnuninni haustið 2009 segjast að meðaltali vera með lægri laun á mánuði en karlarnir í sveitarfélaginu. Þær eru jafnframt mun líklegri til þess að vinna í hlutastörfum og sé miðað við þann tíma sem þátttakendur í könnuninni sögðust verja í heimilisstörf og í umönnun eigin barna virðist sem líf kvenna í Fjallabyggð sé frekar en líf karlanna lagað að þörfum heimilis og barna. Niðurstöður könnunarinnar sýna að viðhorf heimafélks til jafnréttis er að einhverju leyti hefðbundið, ekki síst þegar kemur að hugmyndum um hlutverk karla í tekjuöflun og um hlutverk kvenna á heimilum og í barnauppeldi.

Þessa ólíku stöðu kynjanna inni á heimilum og á vinnumarkaði ber að hafa í huga þegar ráðist er í samgöngubætur. Í kjölfar samgöngubóta er líklegt að atvinnusvæði karla stækki á meðan ábyrgð á heimili og börnum gæti í sumum tilvikum komið í veg fyrir að sömu áhrifa gætti á líf kvenna þar sem þær eru líklegri til að skipuleggja líf sitt í nágrenni við heimilið líkt og niðurstöður íbúakönnunarinnar sýna. Það verður einkar áhugavert að sjá hvernig þróunin verður í Fjallabyggð vegna þess að í sumum tilvikum gætu samgöngubætur sem þessar stækkað atvinnu- og þjónustusvæðið og ekki er ólíklegt að sú verði raunin með tilkomu Héðinsfjarðarganga, einkum vegna þess að göngin tengja byggðarlög sem liggja svo nærri hvert öðru en voru áður svo aðskilin vegna landfræðilegrar legu. Það gæti haft í för með sér annað mynstur en til dæmis Hvalfjarðargöng leiddu af sér varðandi atvinnusókn karla og kvenna á því svæði (Björk Sigurgeirsdóttir, 2004). Það má þó vera ljóst að fyrir opnun Héðinsfjarðarganganna voru hlutverk karla og kvenna í Fjallabyggð í nokkuð hefðbundnum farvegi. Konur hafa lægri tekjur og eru jafnframt líklegri til að vinna hlutastörf en karlar. Þær verja fleiri klukkustundum í venjulegri viku í heimilisstörf og einnig í umönnun eigin barna en karlarnir verja fleiri klukkustundum í akstur vegna vinnu sinnar, auk þess að aka lengri vegalengdir.

Hér hefur verið kortlögð staða kynjanna í Fjallabyggð miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir og aflað var í könnuninni *Samgöngubætur og byggðaþróun 2009* sem framkvæmd var í byggðarlögunum áður en göngin voru opnuð. Kortlagningin hér á þessum síðum, ásamt þeirri áfangaskýrslu sem unnið var vorið 2011, gefur nokkuð glögga mynd af því hagræna, félagslega og menningarlega mynstri sem einkennir hið nýsameinaða sveitarfélag Fjallabyggð. Þá mun könnunin *Samgöngubætur og byggðaþróun* verða lögð aftur fyrir alla íbúa Fjallabyggðar haustið 2012 og með greiningu þeirra upplýsinga mun gefast einstakt tækifæri til að varpa ljósi á þær breytingar á hegðun og viðhorfum sem hugsanlega fylgja í kjölfar opunar Héðinsfjarðarganga með tilliti til stöðu karla og kvenna í sveitarfélaginu.

Heimildir

- Andrea Hjálmsdóttir. 2009. "Reality Bites": Attitudes towards gender equality among Icelandic youth. Óbirt meistaraþrófsritgerð, University of British Columbia.
- Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason. 2009. „Og seinna börnin segja: Þetta er einmitt sú veröld sem ég vil“...? Breytingar á viðhorfum 10. bekkinga til jafnréttismála, 1992–2006. *Uppeldi og menntun*, 17, 75-86.
- Berglund, Anna Karin, Johansson, Susanne og Molina, Irene. 2005. *Med periferien i sentrum – en studie af lokál velferd, arbeidsmarkeder og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien*. Norut NIBR.
- Björk Sigurgeirsdóttir. 2004. *Atvinnu- og skólasókn til höfuðborgarsvæðisins. Könnun meðal íbúa Árborgar, Akraness og Borgarbyggðar árið 2004*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Dahlström, Margareta. 1996. „Young Women in a Male Periphery – Experiences from the Scandianavian North“. *Journal of Rural Studies*, 12(3), 259-271.
- Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrunn Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson. 2008. *Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. 2008. Equal rights to earn and care. Parental leave in Iceland. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofan. 2011a. Mannfjöldi og sveitarfélög. Sótt 26. maí 2011, <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Sveitarfelog>
- Hagstofa Íslands. 2012a. *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2012 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2012*. Sótt 23. maí 2012, <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Sveitarfelog>
- Hagstofa Íslands. 2012b. *Mannfjöldi í einstökum byggðarkjörnum og strjálbýli eftir landsvæðum ár hvert 1889-1990*. Sótt 23. maí 2012, <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi>
- Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson. 2004. *Áhrif Hvalfjarðarganga á samfélag og byggð á Vesturlandi. Niðurstöður könnunar meðal íbúa á svæðum norðan ganga árið 2003*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Kitterød, Ragne Hege og Pettersen, Silje. 2005. „Making up for mothers' employed working hours? Housework and child care among Norwegian fathers“. *Work, Employment and Society*, 20(3), 473-492.
- Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason. 2010. Föst búseta og hlutabúseta í Fjallabyggð. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðaðróun* (bls. 58-64). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Kolbeinn H. Stefánsson. 2008. *Samspil vinnu og heimilis – álag og árekstrar*. Working papers, 1. Reykjavík: Rannsóknarstöð Þjóðmála.
- Seyfrit, Carole, Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson. 2009. „Migration intentions of rural youth in Iceland: Can a large scale development project stem the tide of out-migration?“ *Society and Natural Resources*, 23(12), 1201-1215.
- Transgen. 2007. *Gender Mainstreaming European Transport Research and Policies. Building the Knowledge Base and Mapping Good Practices*. Copenhagen: University of Copenhagen.
- Þorgerður Einarasdóttir. 2000. *Bryddingar. Um samfélagið sem mannanna verk*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Þóra Kristín Þórsdóttir. 2007. *Diverging perceptions? The division of household labour in Iceland*. Óbirt M.A.-ritgerð, London Schools of Economics.
- Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson. 2010. Kynferði og samgöngubætur. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 161-169). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóroddur Bjarnason. 2010. Búsetufyrirætlanir íbúa Fjallabyggðar. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 65-71). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn H. Stefánsson. 2010. Búsetuþróun í Fjallabyggð 1929-2009. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 50-57). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. 2010. Samgöngubætur og byggðapróun á norðanverðum Tröllaskaga. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 4-15). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. 2006. „Should I stay or should I go? Migration expectations among youth in Icelandic fishing and farming communities“. *Journal of Rural Studies*, 22, 290-300.